

**Ed.**

**674. Nefndarálit**

[316. mál]

um frv. til l. um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur á fundum sínum fjallað um frumvarpið. Til viðræðna við nefndina komu fulltrúar frá Flugleiðum, Arnarflugi, Flugfélagi Norðurlands, Flugfélaginu Erni Ísafirði, Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, samgönguráðuneytinu, Olíufélaginu hf.; enn fremur Pétur Guðmundsson, flugvallarstjóri á Keflavíkurflugvelli, Ásgeir Einarsson, skrifstofustjóri Keflavíkurflugvallar, og Guðmundur Eiríksson þjóðréttarfræðingur. Einnig sátu fund nefndarinnar Pétur Einarsson flugmálastjóri og Jóhann Jónsson skrifstofustjóri.

Skriflegar umsagnir bárust frá eftirgreindum aðilum: Arnarflugi, Flugleiðum, Félagi íslenskra atvinnuflugmanna og flugvallarstjóra Keflavíkurflugvallar.

Þær breytingar á frumvarpinu, sem nefndin flytur tillögur um, varða einkum fjáröflun til framkvæmda. Lagt er til að í stað eldsneytisgjalds skv. 5. gr. frumvarpsins verði sérstakt gjald lagt á olíufélagin. Að frumvarpinu óbreyttu hefði 5. gr. þess hugsanlega stangast á við gildandi samninga milli ríkja.

Þá er til samræmis við gildistöku laganna gerð tillaga um breytingu á 17. gr. frumvarpsins Þar er lagt til að ný gjaldtaka í formi flugvallagjalds og sérstaks gjalds komi til framkvæmda 1. júlí n.k. Þessi gjöld verði innheimt af flugmálastjórn og þeim tekjum verði varið til framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun. Sá hluti flugvallagjalds, sem innheimtur er samkvæmt fjárlögum, færist til flugmálastjórnar 1. janúar 1988 og verði þá markaður tekjustofn til flugmálaáætlunar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 23. febr. 1987.

Egill Jónsson,  
form., frsm.

Karl Steinar Guðnason,  
fundaskr.

Jón Kristjánsson.

Árni Johnsen.

Kolbrún Jónsdóttir.

Skúli Alexandersson.

Valdimar Indriðason.